

STEFNIR HF.

Góð blanda virkar!

Blandaðir fjárfestingasjóðir, eða eignastýringarsjóðir, komu vel út á síðasta ári. Þetta eru sjóðir sem geta fjárfest í skulda- og hlutabréfum og sérhæfðum fjárfestingum eins og framtaksfjárfestingum (e. Private Equity).

TEXTI: HRUND HAUKSDÓTTIR MYNDIR: GEIR ÓLAFSSON

Stefnir hefur rekið slíka sjóði um árabíl og er Stefnir-Samval, sem var stofnaður 1996, án efa þekktastur þeirra. Magnús Örn Guðmundsson er sjóðstjóri blandaðra sjóða Stefnis og að hans sögn hefur eftirspurn aukist meðal almennra fjárfesta eftir góðri blöndu fjárfestingarkosta í einum sjóði:

„Stefnir-Samval náði bestri ávöxtun slíkra sjóða á síðasta ári, eða 21,0%. Árleg nafnávöxtun sjóðsins síðustu fimm ár er 15,5%, ef miðað er við síðustu áramót.

Hræðsla við sjóði á undanhaldi

Það má segja að sjóðahugmyndafræðin hafi beðið ákveðið skipbrot árið 2008 með hruni hlutabréfamarkaðarins og umfjöllun um hina svokölluðu peningamarkaðssjóði. Sjóðir eru þrátt fyrir þetta prýðileg lausn fyrir sparnað einstaklinga en með sjóðaforminu næst áhættudreifing og hagræði í kostnaði og skattamálum. Með blönduðum sjóðum eru kostirnir svo enn fleiri.

Blandaðir sjóðir í sókn

Umskipti á hlutabréfamarkaðinum hafa verið mjög sterk. Nú er mikil áhersla lögð á hlutabréf enda hefur hagvöxtur tekið vel við sér og áhugaverð og arðsöm fyrirtæki boðin til sölu eftir endurskipulagningu. Þrátt fyrir áföllin fyrir rúmlega fimm árum verður að horfa fram á veginn. Samval kom vel út úr bankahruninu



Magnús Örn Guðmundsson er sjóðstjóri blandaðra sjóða Stefnis hf.

2008 en sjóðurinn lækkaði um einungis 0,6% yfir árið. Það má segja að teymisvinnan hjá okkur hafi sannað gildi sitt en staða í hlutabréfum og fyrirtækjaskuldabréfum hafði verið minnkuð verulega á uppgangsrárinu 2007 og á árinu 2008, mörgum til undrunar. Strax árið 2009 var svo byrjað aftur að auka vægi hlutabréfa.

Næg tækifæri framundan

Um síðustu mánaðamót sameinaði Stefnir tvo sjóði inn í Stefnir-

Samval. Sjóðurinn er nú um 5,5 milljarðar og hefur á að skipa um fjögur þúsund hlutdeildarskirt-einishöfum, en margir greiða mánaðarlega sparnað í sjóðinn. Hann er án efa einn fjölmennasti fjárfestingasjóður landsins. Við erum stolt af því hversu tryggir viðskiptavinir okkar hafa verið, en það er ekki síst að þakka öflugum samstarfi við Arion banka sem heldur utan um sölu og þjónustu. Það er sjálfsagt og eðlilegt að í boði sé kostur fyrir þá sem vilja meiri áhættu með

von um hærri ávöxtun. Farsælt samstarf við bankann hefur bara styrkt heildarvöruframboð til viðskiptavinarins, þjónustu og ánægju hans.“ ^{RV}

.....
„Nú er mikil áhersla á hlutabréfin enda hefur hagvöxtur tekið vel við sér og áhugaverð og arðsöm fyrirtæki boðin til sölu eftir endurskipulagningu.“
.....